ÞRJÁR SÝNINGAR

Guðbergur í FÍM-salnum

Guðbergur Auðunsson heldur sina 4. einkasýningu í sal Félags íslenskra myndlistarmanna. Guðbergur hefur fengist við myndlist í fjölda ára, fyrst sem auglýsingateiknari, síðar sem sjálfstæður listmálari. Guðbergur lærði auglýsingateiknun við Kunsthandværkerskolen í Kaupmannahöfn 1959-1963. Seinna var hann í málaradeild Myndlista- og handíðaskólans 1976-77. Undanfarin ár hefur hann sýnt reglulega: Kjarvalsstöðum 1978 og Galleri Suðurgötu 7, 1979. Auk þess hefur Guðbergur tekið þátt í fjölda samsýninga.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Að þessu sinni sýnir Guðbergur 20 málverk, öll unnin á síðasta ári og þessu. Þetta eru málverk sem flest snúast um fingur eða hendur, þá líkamshluta sem varða listamanninn og verk hans. Þau eru máluð með einföldum drættum og sterkum litum.

Þessi verk Guðbergs má flokka undir popp-list. Grafískar útlínur viðfangsefna eru mjög í ætt við teiknimyndasögur. Andi þeirra er ekki ólíkur verkum Ítalans Valerio Adami, þótt hugmyndin sé önnur. Guðbergur blæs út fingurna þannig að þeir fylla myndflötinn og verða nær óhlutkenndir. Síðar málar hann þessi form með sterkum og hreinum litum. Það er því listasamspilið sem mestu máli skiptir í þessum myndum. Í Fingramálum og Fingrarímí (nr. 11 og 12) koma bestu eiginleikar þessara verka fram. Einnig er sería með fjórum myndum sem heita Aldrei, Alltaf, Stundum og Kannski á sunnudögum (nr. 6,7,8 og 9) gott dæmi um vel útfærð verk í þessum anda. Hér, líkt og í fleiri verkum, er blýantur milli fingra og vísar viðfangsefnið sífellt til höfundar síns.

Í bestu verkum sýningarinnar ber gott litasamspil vitni um hæfileika Guðbergs og hugmyndaríki í útfærslu. Hins vegar getur jafn systematísk og afdráttarlaus útfærsla leitt til tilbreytingaleysis þegar til lengdar lætur.

Baltasar og Behrens að Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum sýna tveir myndlistarmenn, þeir Baltasar Samper í vestursal og Pétur Behrens á gangi. Baltasar er það þekktur orðinn hér, að óþarft er að kynna hann frekar.





Þetta er níunda einkasýning hans ef ég man rétt.

Að þessu sinni sýnir Baltasar 42 verk, unnin á tveimur undanförnum árum. Þetta eru málverk, unnin með blandaðri tækni á striga. Í þessum verkum er Baltasar greinilega að fikra sig í átt að nýrri tjáningu. Raunsæi það sem einkenndi verk hans áður fyrr, virðist nú vera á undanhaldi fyrir auknum abstrakt-áhrifum. Þetta er greinilegt í þeim tveimur seríum, sem mest eru áberandi á sýningunni: Fákar, átta myndir við kvæði Einars Ben. og Kveðið við Pablo Neruda, sem er þrístæða við kvæði argentínska vísnasöngvarans Atahualpa Yupanqui. Í báðum þessum seríum eru flennistórar myndir þar sem Baltasar hefur brotið upp myndflötinn og notar hann til að skrásetja hughrif þau sem hann verður fyrir, fyrir tilstuðlan ofangreindra ljóða.

Kveðið við Pablo Neruda er betur heppnaða verkið. Hér hefur Baltasar tekist að raða ólíkum hlutum, litum og drættum saman, þannig að úr verði heilsteypt komposisjón. Af þeim þremur verkum sem mynda seríuna, er nr. 11 best. Hún er heillegust í lit og formi, hinar óliku aðferðir við gerð verksins eru sannfærandi og í samræmi innbyrðis.

Fákar, serían við kvæði Einars Ben., er mikið verk en ekki eins vel útfært. Hér stangast á óhlutbundinn og nokkuð geometriskur bakgrunnur, við raunsæislegar teikningar hestanna. Útkoman verður helsti flókin, jaðrar við að vera barok. Of mikil skil verða milli listaspils yfirborðsteikninganna og bakgrunnsins, auk þess að sveiflukennd teikningin tengist of lítið rúmtakinu í heild. Langbest af þessum myndum er nr. 8 („Ef inni er þröngt, tak hnakk þinn og hest") þar sem hestinum er sleppt, en hnakkurinn tengir mynd við efni.

Tvennt má ráða af þessari sýningu Baltasars. Annars vegar stendur hann á tímamótum í list sinni. Hann leitar ólíkra fanga og má greina áhrif frá ólíkum áttum, svo sem Larry Rivers og Júgóslavanum Velocevic, jafnvel frá samlanda hans Antoni Tapies. Hins vegar gætir nú mikilla litterer áhrifa í verkum hans og hæfir það vel teiknigáfum hans.

Vinni Baltasar áfram á þessari braut, efa ég ekki að með atorku og miklum teiknihæfileikum sem honum eru gefnir, geti hann fullkomnað það besta sem í verkunum felst.

Pétur Behrens er frá Hamborg, þar sem hann vann á teiknistofu en stundaði síðar nám við Meisterschule für Grafik og Hochschule für Bildende Künste í Berlín. Pétur hefur lengi lagt stund á myndlist sem auglýsingateiknari, teiknikennari og málari.

Áberandi er, hve Pétur er mun meiri teiknari en málari. Verk eins og Eftir brunann (nr. 11) sýna miklar teiknigáfur. Eins er með grafíkverk hans. Kofar og sjómerki, ætingu í tíu eintökum. Stemmningum nær hann á mjög viðfelldinn hátt með vatnslitamyndum sínum nr. 16, 17 og 18.

Í málverkin vatnar þann ferskleika og innileik, sem teikningarnar búa yfir í svo ríkum mæli. Það er einna helst í verki nr. 31 (Sumar) að Pétri takist að nálgast einlægni vatnslitamynda sinna.

Pétur er því fyrst og fremst teiknari og getur náð þar langt með hæfileikum sínum. Þó mætti hann sleppa nokkrum hestamyndum líkt og kollegi hans Baltasar. Þótt menn séu miklir aðdáendur hesta, er þetta mótív orðið ansi útþvælt og uppþornað, nokkurs konar „pastiche touristique" í anda Montmartre-málara.

Myndlistarmenn mega ekki gleyma því að stór þáttur í vinnu þeirra felst í uppgötvun nýrra viðfangsefna. Á þetta einkum við um þá sem iðka raunsæislist.

Af nýjum hljómplötum

LÉTT, ÞUNGT OG MILLIROKK

Dr. Feelgood: Let it Roll

Hver man ekki eftir hljómsveitinni Dr. Feelgood frá því þeir komu fram í sjónvarpinu í sumar sem leið og fluttu lagið Milk And Alcohol. Alls kyns sögur komust strax á kreik um viðbrögð góðborgaranna við þessum heiðursmönnum er þeir birtust á skerminum, og jafnvel var talað um að söngvarinn hlyti að vera undir áhrifum vínandans sem hann söng um af svo mikilli innlifun.



Popp

eftir Guðmund Rúnar Guðmundsson

Fordæming siðgæðisvarða íslenskrar æsku er sögð hafa gengið svo langt að afgreiðslustúlka í hljómplötuverslun á Sauðárkróki vildi ekki hafa þennan viðbjóð til sölu í sinni búð, loksins þegar platan með þessu lagi barst til landsins.

Kynningin sem hljómsveitin fékk hér á landi vegna þessa máls gefur þó ekki af þeim alveg rétta mynd, því þeir félagar eru síst verri eða ógeðslegri en gengur og gerist í bransanum. Lagið sjálft, sem gleymdist að mestu í umræðunni er dæmigert lag frá þeirra hendi, fremur hrátt rokk af gamla skólanum, svonefnt pub-rokk. Sú tegund tónlistar hefur mikið verið til umræðu undanfarið vegna endurvakningar gamla rokksins, sem nýtur nú víðast hvar vaxandi vinsælda. Dr. Feelgood er þó ekki sú hljómsveit að reyna að nýta sér slíkt tískufyrirbæri til að öðlast frægð og frama. Hljómsveitin var stofnuð fyrir um tíu árum síðan og hefur fram til þessa aldrei náð verulegum vinsældum.

Tónlist þeirra, sem er beint framhald af bresku blúsrokki sjöunda áratugarins, varð er þeir komu fram að víkja fyrir nýjum tónlistarstefnum nýs tíma hvað vinsældir snertir. Þeir gáfust samt ekki upp þó á móti blési og hafa í þessi tíu ár verið trúir sinni tónlist, sem er nú loks aftur farin að ná eyrum velflestra tónlistarunnenda.

Plötur hljómsveitarinnar fara nú bráðum að fylla tuginn, en sú nýjasta Let It Roll komi út fyrir nokkru. Hún er að mörgu leyti skemmtilegri en næstu plötur hljómsveitarinnar þar á undan, aðallega vegna fjölbreyttara lagavals og meiri blúsáhrifa. Hreinræktaður breskur blúsgítar og pianóleikur í nokkrum laganna minnir óneitanlega á gömlu góðu dagana, en mestur hluti laganna er þó enn sem fyrr hröð rokklög af betri gerðinni. Dr. Feelgood er án efa ein merkilegasta hljómsveit hinnar margumtöluðu rokk-endurvakningar, þannig að þeim sem enn hafa ekki kynnst henni gefst hér ágætis tækifæri til að byrja á betri partinum.

Lene Lovich: Flex

Annar góðkunningi okkar úr poppþætti sjónvarpsins, Lene Lovich hefur nú sent frá sér nýja plötu. Hún er fædd í Bandaríkjunum af júgóslavneskum föður og enskri móður en hefur að mestu búið í Englandi. Eftir nám í listaskóla og alls konar störf að listum s.s. við leiklist, dans og saxófónleik ásamt ýmsu fleiru, hóf hún samstarf með fyrrum skólafélaga sínum Les Chappell (þeim sköllótta), sem bæði spilar á gítar og aðstoðar hana við lagasmíðar.

Eftir vanalegan skammt af ógæfu og erfiðleikum tókst þeim að fá plötu gefna út undir hennar nafni á vegum Stiff útgáfufyrirtækisins haustið 1978. Á þessum tíma beitti fyrirtækið öllum ráðum til að vekja athygli á útgáfu sinni, skipulagði mikil hljómleikaferðalög, hafði plöturnar sjálfar í ýmsum litum og



gerði allt sem hugsast getur til að vekja áhuga á þeim hluta nýju bylgjunnar sem þeir höfðu upp á að bjóða. Árangurinn lét ekki á sér standa því að af plötu Lene, Stateless komust tvö lög hátt á vinsældalista, lögin Lucky Number og Say When, sem einnig náðu verulegum vinsældum hér á landi.

Nýja platan er í svipuðum stíl og sú fyrri, létt og skemmtilegt rokk (við allra hæfi), sem einkennist einna helst af góðum söng hennar sjálfrar og orgelleik, en í því hljóðfæri hefur lítið heyrst á plötum undanfarin ár, allt frá dögum hinna miklu orgelleikara.

Af þeim aragrúa kvenstjarna sem komið hafa fram með nýju bylgunni skapar Lene sér nokkra sérstöðu með söngstíl sínum: ólýsanlegum með orðum, og framúrskarandi góðum lagasmíðum og útsetningum. Hún blandar rokkið m.a. dálítlum austurlenskum áhrifum og fleiru nýstárlegu. Í heild má segja að platan sé rökrétt framhald af fyrri plötunni, bæði lögin sjálf vandaðri svo og flutningur þeirra.

Jefferson Starship: Freedom at Point Zero

Eftir hálfs annars áratugs veru í bransanum, sífelldar mannabreytingar og aðra erfiðleika, eru Jefferson Starship nú komnir með enn nýja plötu. Tólistarbreytingin hefur á þessum tíma orðið nánast jafnmikil og mannabreytingarnar, og spila þeir nú eingöngu hið sívinsæla tónlistarform Ameríkanans — þungt rokk með hástemmdum röddum. Eins og við er að búast skilar hljómsveitin því með miklum ágætum og platan hefur hlotið mjög góðar viðtökur hvað snertir sölu. Hitt verður þó augljósara með hverri nýrri plötu þeirra, að langt er nú um liðið síðan hljómsveitin var upp á sitt besta. Samanborið við hljómsveitir eins og Styx o.fl. vinsældabólur þunga rokksins er þessi plata tvímælalaust með því betra sem þar gerist, en sköpunargáfan, spilagleðin og textagerð eru því miður á sama stigi og almennt gerist meðal slíkra hljómsveita.

Ég efast ekki um að þessir andsk.... Ameríkanar og íslenskir aftaníossar þeirra hafi af þessari plötu margar stundir einlægrar innlifunar, en manni verður þó á að spyrja: Langar þá aldrei til að heyra eitthvað nýtt?

GOÐHEIMAR

Goðheimar

Péter Madsen og Hans Rancke-Madsen: Úlfurinn bundinn Goðheimar 1. Þýðing: Guðni Kolbeinsson. Útg. Iðunn 1979.

Á síðasta áratug hafa komið á bókamarkað hér teiknimyndasögur sem gefnar eru út í bóka-



Bókmenntir

eftir Gunnlaug Ástgeirsson

flokkum. Þessar sögur eru prentaðar erlendis og samdar fyrir alþjóðlegan markað og síðan þýddar á hin aðskiljanlegustu tungumál. Flestir þessara sagnaflokka eru fremur lágkúruleg framleiðsla, sniðin eftir kröfum afþreyingariðnaðarins og byggðar á íhaldssamri hugmyndafræði og viðurkenndum sannindum kapítaliska neysluþjóðfélagsins.

Því er þó ekki að leyna að innan um og saman við þessa framleiðslu er að finna stöku ljósa punkta. Mér hefur til dæmis alltaf þótt Ástríkur gallvaski og félagar hans skemmtilegar persónur því frásagnirnar



af þeim eru bornar uppi af óborganlegum húmor auk þess sem með flýtur ýmisskonar fróðleikur um Rómaveldi, Galla og þann tíma sem þessar frásagnir gerast á.

Fyrir jólin kom út fyrsta bindi í nýrri teiknimyndaseríu. Höfundarnir eru tveir Danir sem tefla hér fram í búningi teiknimyndasögunnar fornum norrænum goðheimi, eimi ásatrúarinnar sem þekktur er okkur úr fornum bókmenntum, Eddukvæðum og Snorra-Eddu

Í upphafi bókarinnar er kynning á helstu goðum og bústöðum þeirra og lesendum þar með kynnt sögusviðið, helstu persónur og sú veröld sem sagan gerist í. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé bókin að flestu leyti trú fyrirmyndum sínum og þessi greinargerð sé bæði glögg og skýr og einföld.

Síðan hefst sagan sjálf, sem er sjálfstæð frásögn sem ekki er að finna í fornum sögnum. En þó að svo sé þá eru persónur goðafræðinnar leiddar fram og halda í meginatriðum þeim persónueinkennum sem þeim eru léðar í Eddum. Aðalpersónur í þessari sögu eru Þór þrumugoð og Loki hinn lævísi, en þeir eru sem kunnugt er hinir skrautlegustu karakterar í Eddum og ekki er úr því dregið. Sú kímni sem er í fornum goðsögum kemur hér vel fram og er sérstök áhersla lögð á hana í teikningunni.

Ég verð að játa að þó að ég sé allt að því prinsipíelt á móti þessum teiknimyndasögum þá get ég ekki annað en verið ánægður með þessa bók. Sagan sjálf er skemmtileg og vel gerð góð teikning. full af kímni og fjöri. En það sem mest er um vert, er það að hér er kynntur sagnaheimur norræna goðsagna á bærilega trúan hátt og er hann með þessu móti færður nær nútímabörnum og unglingum og aldrei að vita nema að einhverjir fái áhuga á að kynnast frumheimildunum.